

**Viðauki við fjárfestingarstefnu
2026**

**Stefna um sjálfbærar
og ábyrgar
fjárfestingar**



Efnisyfirlit

Stefna Frjálsa lífeyrissjóðsins um ábyrgar fjárfestingar.....	3
Yfirlýsing Frjálsa lífeyrissjóðsins um sjálfbærniáhættu	5
Yfirlýsing vegna helstu neikvæðu áhrifa fjárfestingarákvarðana á sjálfbærniþætti.....	5
Upplýsingar um hvernig starfskjör samræmast innfellingu sjálfbærniáhættu við fjárfestingarákvörðunarferli	6

Stefna Frjálsa lífeyrissjóðsins um ábyrgar fjárfestingar

Frjálsi lífeyrissjóðurinn leggur áherslu á siðferðisleg gildi við fjárfestingarákvarðanir sínar og er meðvitaður um þá staðreynd að fjárfestingarákvarðanir hans hafa áhrif á ólíka hagsmunaaðila og samfélagið í heild sinni. Sjónarmið um langtímafjárfestingarsýn eru í samræmi við langtímaskuldbindingar sjóðsins og fara hönd í hönd með ábyrgum og sjálfbærum viðskiptaháttum. Frjálsi lífeyrissjóðurinn hefur að leiðarljósi við fjárfestingar að hámarka ávöxtun til langs tíma lítið að teknu tilliti til áhættu.

Framkvæmdastjóri sjóðsins, sem stjórn ræður til starfa, stýrir daglegum rekstri sjóðsins. Arion banki hf. (hér eftir nefndur „rekstraraðili“) annast framkvæmd daglegs reksturs sjóðsins í samráði við og, eftir atvikum, eftir fyriræmum framkvæmdastjóra sjóðsins.

Ábyrgar fjárfestingar

Ábyrgar fjárfestingar eru fjárfestingar sem auk þess að taka tillit til áhættu og ávöxtunar taka tillit til umhverfis- og félagslegra og stjórnaðhátta (UFS). Stefna þessi um ábyrgar fjárfestingar markar stefnu sjóðsins um siðferðileg viðmið í fjárfestingum sem lífeyrissjóðurinn ber að setja sér samkvæmt 36. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisséttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Stefnan tekur sérstaklega til umhverfis- og félagslegra þátta í fjárfestingum sjóðsins að undanskildum vísitölu-sjóðum og ef annað er tekið fram. Varðandi áherslur sjóðsins um stjórnaðhætti vísast til hluthafastefnu sjóðsins.

Grunngildi og viðmið

Grunngildi Frjálsa lífeyrissjóðsins í ábyrgum fjárfestingum eru að félög sem sjóðurinn á eignarhlut í fari að þeim lögum og reglum sem um starfsemi þeirra gilda. Auk þessara grunngilda setur sjóðurinn sér viðmið um ábyrgar fjárfestingar með hliðsjón af grunngildum Sameinuðu þjóðanna um samfélagsábyrgð (e. UN Global Compact). Með því að styðjast við grunngildi UN Global Compact gegnir sjóðurinn því hlutverki að vinna að Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.

Sjóðurinn gerir þá kröfu á rekstraraðila sjóðsins að hann horfi til þriggja grunnþátta sjálfbærni við fjárfestingarákvarðanir (UFS).

Viðmið sjóðsins fela í sér þá kröfu að félög í hans eigu;

- Virði alþjóðleg mannréttindi og eigi ekki hlut í broti á þeim.
- Virði réttindi aðila á vinnumarkaði. Styðji við félagafrlsi og viðurkenni rétt starfsfólks til kjarasamninga. Eigi ekki þátt í hverskonar nauðungar- og þrælunarvinnu og styðji við afnám misréttis til vinnu og starfsvals.
- Beiti sér fyrir varúðarreglu í umhverfismálum, hvetji til aukinnar ábyrgðar gagnvart umhverfinu og stuðli að þróun og nýtingu á umhverfisvænni tækni.
- Beiti sér gegn hvers konar spillingu á borð við kúgun og mútur.

Annað

Frjálsi lífeyrissjóðurinn undirritaði á árinu 2020 [viljayfirlýsingu um nýtingu fjármagns í þágu sjálfbærrar uppbyggingar](#) sem gefin var út af ríkisstjórninni, lífeyrissjóðum og fjármálafyrirtækjum.

Frjálsi lífeyrissjóðurinn er einn af stofnaðilum [IcelandSIF](#) sem hefur það að markmiði að efla þekkingu fjárfesta á aðferðafræði sjálfbærra og ábyrga fjárfestinga og auka umræður og þekkingu um málefnið.

Frjálsi lífeyrissjóðurinn undirritaði á árinu 2021 yfirlýsingu um þátttöku í CIC (Climate Investment Coalition). Með þátttökunni setur sjóðurinn sér markmið um um að ráðstafa 300 milljónum bandaríkjadala í viðbótarfjárfestingar sem tengjast hreinni orku og öðrum umhverfisvænum lausnum fram til ársins 2030. Með yfirlýsingunni staðfestir sjóðurinn vilja til að auka grænar fjárfestingar sínar og styðja þannig við markmið Parísarsamkomulagsins um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda.

Rekstraraðili sjóðsins er aðili að;

- [Meginreglum Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar](#) (e. UN Principles for Responsible Investment)
- [Sáttmála Sameinuðu þjóðanna um samfélagsábyrgð](#) (UN Global Compact)
- [Meginreglum Sameinuðu þjóðanna um ábyrga bankastarfsemi](#) (UN Principles for Responsible Banking)

Framkvæmd stefnu

Sem fjárfestir á markaði hefur Frjálsi lífeyrissjóðurinn hagsmuni af því að félög sem hann á eignarhlut í tileinki sér ábyrga og sjálfbæra viðskiptahætti. Sjóðurinn er hlutfallslega stór á innlendum fjármálamarkaði og því er mikilvægt að hann beiti sér sem virkur hluthafi í innlendum félögum og gæti þannig að hagsmunum sínum og sjóðfélaga. Þannig er horft til grunngilda og viðmiða sjóðsins um ábyrgar fjárfestingar við fjárfestingarákvarðanir og vinnu við mótun og endurskoðun fjárfestingarstefnu sjóðsins.

Fjárfestingar sjóðsins á erlendum mörkuðum eru hlutfallslega litlar sem takmarkar getu hans til að beita sér með virkum hætti. Almennt eru erlendar fjárfestingar í sjóðum frekar en í einstökum erlendum félögum. Sjóðurinn gerir þá kröfu til rekstraraðila lífeyrissjóðsins að hann hafi sett sér stefnu í ábyrgum fjárfestingum. Jafnframt gerir sjóðurinn þær kröfur til eignastýringaraðila sem starfa í umboði sjóðsins að þeir kanni stefnu rekstraraðila sjóða í ábyrgum fjárfestingum og hafi það til hliðsjónar við heildarmat á fjárfestingarkostum.

Komi í ljós að félag í eignasafni sjóðsins verði uppvíst af fráviki á grundvelli þessara grunngilda og viðmiða mun sjóðurinn beita sér fyrir því að umrætt félag ráðist í viðeigandi úrbætur. Við slíka ákvörðun er ávallt gætt ýtrustu varfærni þar sem heildarhagsmunir sjóðsins og sjóðfélaga eru hafðir að leiðarljósi.

Nánari upplýsingar um stefnuna og framkvæmd hennar má nálgast á vefsíðu sjóðsins.

Endurskoðun og birting

Stefna þessi er endurskoðuð eftir því sem tilefni er til. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á stefnu þessari í samráði við stjórn og starfsmenn sem starfa við rekstur og eignastýringu sjóðsins. Stefnan er gerð aðgengileg á vef sjóðsins.

Yfirlýsing Frjálsa lífeyrissjóðsins um sjálfbærniáhættu

Tilgangur

Skjali þessu er ætlað að lýsa því hvernig Frjálsi lífeyrissjóðurinn (hér eftir „Frjálsi“) innleiðir áhættuþætti tengda sjálfbærni í fjárfestingarákvarðanaferli. Reglugerð (ESB) 2019/2088 um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu („SFDR“) skilgreinir áhættu tengda sjálfbærni (e. sustainability risk, hér eftir „sjálfbærniáhætta“) sem atburð eða ástand á sviði umhverfismála, félagsmála eða stjórnarháttanna sem gæti, ef hann gerist, haft raunveruleg eða hugsanleg veruleg neikvæð áhrif á virði fjárfestingarinnar.

Greining á sjálfbærniáhættu

Greining á sjálfbærniáhættu er unnin samhliða mati á annarri fjárhagslegri áhættu og fer fram áður en fjárfestingarákvörðun er tekin. Aðferðin við mat á sjálfbærniáhættu er breytileg eftir því hvaða fjárfestingarkostur á í hlut, enda getur þýðing sjálfbærniáhættu, tímarammi og aðgangur að viðeigandi upplýsingum verið mismunandi á milli einstakra eignaflokka og tegunda fjárfestinga.

Greining rekstraraðila Frjálsa nær yfir hinar ýmsu birtingarmyndir sjálfbærniáhættu á einstaka fjárfestingar. Rekstraraðili Frjálsa hugar m.a. að áhrifum raunlægrar áhættu (e. physical risk), þ.e. áhættu sem stafar beint af loftslagsbreytingum, og umbreytingaráhættu (e. transition risk), þ.e. áhættu vegna breytinga á lögum, viðmiðum eða aðgerðum í tengslum við loftslagsbreytingar, á virði og/eða ávöxtun fjárfestingarkosta.

Rekstraraðili Frjálsa hefur aðgang að viðunandi upplýsingum til greiningar á sjálfbærniáhættu í fjárfestingarferlinu. Upplýsingar eru, eftir atvikum, sóttar frá utanaðkomandi greiningarfyrirtækjum til fyllingar innra mati rekstraraðilans. Við mat á sjálfbærniáhættu stakra verðbréfa er framkvæmd greining á því hvernig sjálfbærniáhætta getur haft áhrif á sjóðinn. Greiningin byggir, eftir atvikum, á fyrirbyggjandi upplýsingum um útgefandann, upplýsingum sem er aflað frá útgefanda og/eða upplýsingum frá utanaðkomandi greiningaraðilum. Við mat á sjálfbærniáhættu sjóða er metið hvernig viðkomandi sjóðsstýringarfyrirtæki horfir til sjálfbærniáhættu í fjárfestingum sínum fyrir hönd sjóðsins. Skorti nauðsynlegrar upplýsingar er kallað eftir viðeigandi upplýsingum frá sjóðsstýringarfyrirtækinu.

Samþætting sjálfbærniáhættu við töku fjárfestingarákvarðana

Á grundvelli framantallinnar greiningar framkvæmir rekstraraðili Frjálsa mat á því hvernig sjálfbærniáhætta getur komið til með að hafa áhrif á virði eða ávöxtun þeirrar fjárfestingar sem um ræðir hverju sinni. Mat á áhrifum sjálfbærniáhættu á virði eða ávöxtun fjárfestingar er loks borin saman við fjárfestingarmarkmið Frjálsa, áður en endanleg fjárfestingarákvörðun er tekin.

Sjálfbærniáhætta þarf ekki að koma í veg fyrir fjárfestingu. Viðeigandi ráðstafanir vegna óásættanlegrar sjálfbærniáhættu fjárfestingarkosts eru breytilegar eftir atvikum og eðli áhættunnar. Á meðal þeirra ráðstafana sem Frjálsi getur gripið til er að fjárfesta ekki í, minnka vægi vörunnar í eignasafni, eiga viðræður við útgefendur, veita útgefendum aðstoð við að lágmarka áhættu, beita virku eignarhaldi til að tryggja að gripið verði til tilhlýðilegra ráðstafana, o.fl.

Mat á sjálfbærniáhættu felst í huglægu mati og getur falið í sér notkun gagna frá þriðja aðila sem geta verið ófullnægjandi og/eða ónákvæm. Þó matið sé framkvæmt skv. bestu vitund á hverjum tíma er ekki hægt að tryggja að Frjálsi meti rétt áhrif sjálfbærniáhættu á fjárfestingar.

Yfirlýsing vegna helstu neikvæðu áhrifa fjárfestingarákvarðana á sjálfbærniþætti

Tilgangur

Yfirlýsingu þessarar er ætlað að lýsa því hvernig eða hvort Frjálsi lífeyrissjóðurinn tekur tillit til helstu neikvæðu áhrifa fjárfestingarákvarðana á sjálfbærniþætti. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2088 („SFDR reglugerðin“ eða „SFDR“) hefur verið innleidd í íslenskan rétt með lögum nr. 25/2023 um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar. Frjálsa lífeyrissjóðnum er skylt,

Frjálsi lífeyrissjóðurinn

skv. 1. mgr. 4. gr. SFDR, að birta á vefsíðum sínum uppfærðar upplýsingar um hvernig eða hvort tekið er tillit til neikvæðra áhrifa fjárfestingarákvarðana sjóðsins á sjálfbærniþætti.

Yfirlýsing

Í samræmi við 4. gr. SFDR reglugerðarinnar upplýsir Frjálsi lífeyrissjóðurinn hér með að sjóðurinn tekur að svo stöddu ekki tillit til neikvæðra áhrifa fjárfestingarákvarðana á sjálfbærniþætti eins og þeir birtast í 4. gr. SFDR.

Ástæða þess er sú að núverandi stefna um ábyrgar fjárfestingar sjóðsins ásamt því vinnulagi sem sjóðurinn tileinkar sér er ásættanlegt og sniðið að fjárfestingarstefnu sjóðsins. Frjálsi lífeyrissjóðurinn mun fylgjast með þróun á eftirliti m.t.t. SFDR og annarra gildandi laga og reglugerða sem miða að UFS-þáttum.

Samantekt á eigendastefnu Frjálsa lífeyrissjóðsins

Frjálsi lífeyrissjóðurinn hefur að leiðarljósi við fjárfestingar að hámarka ávöxtun til langs tíma litið að teknu tilliti til áhættu. Sjóðurinn leggur áherslu á siðferðisleg gildi við fjárfestingarákvarðanir sínar og er meðvitaður um þá staðreynd að fjárfestingarákvarðanir hans hafa áhrif á ólíka hagsmunaaðila og samfélagið í heild sinni.

Hluthafastefna Frjálsa lífeyrissjóðsins á fyrst og fremst við um innlendar skráðar fjárfestingar. Markmið hluthafastefnu þessarar er að skilgreina þær kröfur sem sjóðurinn gerir að jafnaði til þeirra félaga sem hann fjárfestir í ásamt því að auka gagnsæi sjóðsins sem hluthafi og stuðla að trúverðugri aðkomu lífeyrissjóðsins að viðkomandi félögum.

Hluthafastefna sjóðsins, sem er aðgengileg á heimasíðu sjóðsins, snertir meðal annars á samkeppnissjónarmiðum, hvernig atkvæðagreiðslu á hluthafafundum er háttað, val og kröfur til stjórnarmanna og samskipti við stjórnarmenn sem félagið fer með eignarhlut í. Einnig er gerð krafa um að starfskjarastefna félaga sem sjóðurinn fer með eignarhlut í uppfylli hlutafélagalög og taki mið af viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja eftir því sem við á.

Fylgni við alþjóðlega staðla

Almennt gerir sjóðurinn kröfu um eignastýringaraðili sjóðsins sé aðili að UNPRI og horfi því til umhverfismála, félagslegra þátta og stjórnarháttanna við mat og ákvarðanir á fjárfestingum. Einnig horfir sjóðurinn til alþjóðlegra meginreglna Sameinuðu þjóðanna um samfélagsábyrgð, "UN Global Compact", í fjárfestingum sínum.

Upplýsingar um hvernig starfskjör samræmast innfellingu sjálfbærniáhættu við fjárfestingarákvörðunarferli

Tilgangur

Lífeyrissjóðir sem bjóða upp á lágmarkstryggingavernd í skilningi laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða er skylt að birta upplýsingar á heimasíðum sínum um hvernig starfskjarastefna lífeyrissjóða samræmist innfellingu áhættu tengdri sjálfbærni við fjárfestingarákvörðunarferli, á grundvelli 1. mgr. 1. gr. laga nr. 25/2023.

Samþætting sjálfbærniáhættu við töku fjárfestingarákvarðana

Frjálsi lífeyrissjóðurinn hefur ávallt útvístað öllum rekstri og eignastýringu til fjármálafyrirtækis. Frá og með 1. apríl 2019 varð framkvæmdastjóri Frjálsa starfsmaður sjóðsins og ráðinn af stjórn hans. Frjálsi lífeyrissjóðurinn hefur því einungis einn starfsmann og taka starfskjör hans ekki á beinan hátt mið af því hvernig sjálfbærniáhætta er felld inn í fjárfestingarákvarðanir.

Samþykkt á stjórnarfundum Frjálsa lífeyrissjóðsins 19. nóvember 2025